

3. fundur skólaráðs 14. jan. 2025

Mætt: Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir skólastjóri, Guðbjörg Inga Guðmundsdóttir aðstoðarskólastjóri, Þórunn Jónsdóttir fulltrúi kennara, Magnús Róbertsson fulltrúi foreldrafélagsins, Arnbjörg Mist Ásgeirsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins, Una Björk Unnarsdóttir fulltrúi kennara og Kristín Garðarsdóttir fulltrúi starfsmanna, Hulda Karen B. Freysdóttir, fulltrúi nemenda og Rebekkah Chelsea, fulltrúi nemanda.

Forföll: Svanhildur Ýr Sigþórsdóttir formaður foreldrafélagsins

Dagskrá fundarins:

1. **Skólapúlsinn 2.-5. bekkur - Guðbjörg Inga**

Farið yfir niðurstöður Skólapúlssins fyrir 2.-5. bekk. Niðurstöður voru mjög góðar heilt yfir og gott að sjá að ánægja af lestri er á uppleið. Einnig er ánægjulegt að sjá að ánægja með skólann er vel yfir meðallag.

2. **Starfsmannamál**

Erum að auglýsa eftir umsjónarkennara í fjölgreinadeild.

Íþróttakennari að fara í fæðingarorlof.

3. **Skólalóðir**

Lagt er til að unnið verði að fimm ára framkvæmdarplani bæði fyrir leik- og grunnskólalóðir, verkefnum forgangsraðað og aukið fjármagn sett í viðhald og framkvæmdir.

4. **Vopnaburður og samfélagslöggur**

Stöðugildi fyrir samfélagslögguna hefur aukist og eru nú tvö í staðinn fyrir hálft áður, svo að forvarnir eru að aukast. Það verður auðveldara að fá samfélagslöggur í skólana og hægt að panta fyrirlestra frá þeim. Samfélagslöggan eru að koma inn í alla umsjónarhópa frá 7.-10. bekk - búið að fastsetja tíma hjá okkur.

Kynnt var nýtt verklag hjá lögreglunni, þ.e. um vopnaburð nemenda. Flæðirit hafa verið send til skólanna. Við eru búin að uppfæra okkar skólareglur/agaferil í samræmi við nýtt verklag.

5. **Niðurstöður SET mælinga SMT**

Farið yfir niðurstöður SET mælingar SMT þar sem við komum vel út og fengum 82%. En betur má ef duga skal. SMT teymið mun fara vel yfir niðurstöður og laga það sem aflaga er.

6. **Átök í miðdeild**

Umgengnisáttak hjá öllum árgöngum í miðdeild að byrja í dag.

7. **Nemendamál**

Erfitt að vera með öðrum árgangi í sundi - verðum að passa upp á það þegar stundatöflur

verða gerðar fyrir næsta skólaár.

8. Foreldrasamstarf

Jólaþakkerðingunni gekk mjög vel. Ákveðið hafa vöfklusöluna inn í matsalnum þar sem aðgengi var að vaski - mjög góð breyting. Spurning um að færa föndursöluna líka inn í salinn. Ætlum að vera með fræðslukvöld fyrir foreldra/forsjáraðila í febrúar.

9. Önnur mál

Á næsta fundi ætlum við að taka fyrir kynningu á Frístundastarfi.